

Lagt fyrir 349. fund velferðarráðs 6. mars 2018

Tillaga fulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna í velferðarráði um að stofna stýrihóp um aðgerðir gegn sárafátækt barna og fjölskyldna þeirra.

Lagt er til að stýrihópur um aðgerðir gegn sárafátækt barna og fjölskyldna þeirra verði stofnaður. Hlutverk hópsins verði að yfirfara reglur og úrræði á vegum velferðarsviðs til að koma í veg fyrir sárafátækt og gera tillögur um markmið og aðgerðir, s.s. breytingar á reglum, frekari úrræði eða annað, sem stutt geta íbúa Reykjavíkur sem búa við sárafátækt. Stýrihópurinn verði m.a. skipaður pólitískt kjörnum fulltrúum, starfsfólki velferðarsviðs sem hefur þekkingu á málaflokkinum og fulltrúum hagsmunasamtaka.

Sjá drög að erindisbréfi.